

## „Þetta er það sem ég vil gera“



Halldór Smárason lauk meistaraprófi frá Manhattan School of Music síðastliðið vor. Ljósmynd/Ingi Vífill Guðmundsson

„Það hefur verið merkilega mikið að gera og nóg af spennandi verkefnum komið á borðið. Maður hefur bara getað valið úr,“ segir Halldór Smárason, 25 ára gamall Ísfirðingur, sem síðastliðið vor lauk meistaraprófi í tónsmíðum frá Manhattan School of Music í New York.

Eftir útskriftina í vor komst Halldór inn í doktorsnám við sama skóla, með hæsta mögulega styrk, en ákvað að bíða með frekara nám og reyna fyrir sér sem sjálfstætt starfandi tónlistarmaður. „Mér bauðst að halda boðinu um doktorsnámið í eitt ár svo ég ákvað að nýta það, og ég sé ekki eftir því.“

Halldór hefur haft í nógu að snúast eftir útskriftina, en hann hefur unnið að hinum ýmsu verkum og útsetningum auk þess að spila á fjölda tónleika. Hann segir það hafa verið töluvert hark að starfa sjálfstætt, en reynslan hafi verið gríðarleg. „Þetta hefur verið ótrúlega gaman og ég hef fengist við marga mismunandi hluti,“ segir hann.

### Samdi verk fyrir kammersveit í Manchester

Halldór útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands með BA-próf í tónsmíðum árið 2012, og hélt út til New York strax um haustið. Eftir útskriftina í vor flutti hann aftur til Íslands, en hefur verið á töluverðu flakki síðan.

„Ég var valinn til þáttöku á hátíðum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku í haust og hef svo verið að vinna að verkum hingað og pangaað,“ segir hann. Í haust fékk hann svo pöntun um verk frá kammersveitinni Psappha, og er hann nýlega kominn heim frá Manchester þar sem verkið var frumflutt.

„Ég var í viku hjá þeim í september að þráð verkið áfram og hitti þau svo á Facetime í desember og við æfðum þetta allt saman. Ég fór svo aftur til þeirra núna í byrjun janúar og þá var verkið frumflutt, en það ber heitið *it means what you think it means*,“ segir hann. „Þetta var rosalega faglegur hópur og mjög skemmtileg upplifun sem ég lærði mikið af.“

Var þetta önnur pöntun Halldórs um verk eftir útskrift, og segir hann það mikinn heiður að hafa fengið að vinna að því. Verkið verður að öllum líkendum flutt hér á landi í ágúst. Fyrsta formlega pöntunin kom frá tónlistarhátíðinni Podium á Íslandi, en verkið *\_a\_at\_na* var frumflutt í Norræna húsinu í júní.

### Stefnir á útgáfu plötu

Þá hefur Halldór unnið að hinum ýmsu útsetningum, meðal annars fyrir Sætabrauðsdrengina, þá Garðar Thór Cortes, Gissur Pál Gissurarson, Bergbór Pálsson og Viðar Gunnarsson og hélt röð af jólatónleikum í samvinnu við þá á aðventunni. Framundan er áframhaldandi samvinna með þeim.



Halldór hefur haft í gógu að snúast eftir útskrift, en stefnir að doktorsnámi í haust. Ljósmynd/Helga Lind Mar



Halldór einblíni ekki á neina eina tónlistarstefnu, heldur vill halda öllum dyrum opnum. Ljósmynd/Þorgerður Edda Hall/Podium Festival Iceland

Auk þess hefur hann unnið að útsetningum fyrir Fjallabréður og hina ýmsu kóra. „Það er mjög gaman að fá tækifæri til þess að gera sem fjölbreyttasta tónlist. Að vera ekki bara í klassíkinni eða nútímatónlistinni heldur vera líka í djassín og poppinu,” segir hann.

Nú vinnur hann að verki fyrir hópinn TAK sem verður flutt í New York þann 17. febrúar nk. Þá fékk hann Leonardo-starfsstyrk til að fara til Vínarborgar í apríl og starfa sem aðstoðarmaður tónskáldsins Beat Furrer í átta vikur. Áður en langt um líður stefnir Halldór að því að gefa út plötú ásamt listhópnum Errata Collective, en hópurinn hélt sína fyrstu tónleika í Björtuloftum í Hörpu síðasta sumar, sem hlutu frábærar viðtökur, meðal annars frá Jónasi Sen, sem gaf tónleikunum fírar stjórnur og fór fórum orðum um verk Halldórs.

Það er því á hreinu að Halldór situr ekki auðum höndum. „Þetta er allt mjög spennandi,” segir hann fullur eft-irvætingar.

### Stefnir á doktorsnám í haust

Halldór segist stefna á doktorsnámið í haust, en framundan séu þó ýmsar ákvarðanir sem hann standi frammí fyrir. „Þetta er þrigga til sjö ára nám svo það er frekar mikil skuldbinding. En yfirleitt eru bara teknir

tveir til þrír inn á ári og það er misjafnt hversu mikla styrki fólk fær. Mér skilst að ég hafi fengið hæsta styrkinn af þeim sem komust inn svo það væri svoltítil hræsni að neita boðinu,” segir hann glaður í bragði.

Kærasta Halldórs, Karen Nadia Pálsdóttir, er búsett í New York, og togar borgin því vissulega í hann. „Nadia lærði söngleikjalist og fékk græna kortið og er núna að reyna fyrir sér í prufum sem er mjög spennandi. Ég ætla því að vera í dágóðan tíma úti í kringum verkið sem ég er að semja, en ég er búinn að vera með annan fótinn þar í veturn.“

Ljóst er að þau Halldór og Nadia eru mikið ofurpar, en hún starfaði sem aðstoðarleikstjóri í Off-Broadway sýningu í sumar. Aðspurður hvort þau hafi ekki sameinað krafta sína segir hann þau vissulega hafa spilað saman við ýmis tilefni, en ekki haldið neina formlega tónleika. „Við erum samt búin að tala um það lengi og það verður að gerast, ef ekki frekara samstarf.“

### Lokar ekki dyrunum á neinar tónlistarstefnur

Aðspurður segist Halldór ekki einblína á neina eina tónlistarstefnu, heldur vilji hann fremur halda öllum dyrum opnum. „Þessi bransi er þannig að ef maður er nógu opinn og fjölhæfur, sem ég reyni að vera, þá eru alltaf tækifæri,” segir hann.

Hann segir því þó oft stillt upp þannig að klassísk tónlist sé æðri öðru og mun meiri vinnu þurfi að leggja í hana en til dæmispoppþónlist. „Ég skil þau sjónarmið en er ósammála þeim. Ég held að það þurfi gríðarlega greind, frumleika og vinnusemi í það að gera virkilega gott popplag ekkert síður en frábært klassískt verk, þó vinnan sjálf sé að einhverju leyti ólík,” segir hann. „Mér finnst þetta oft ósanngjarn samanburður og því reyni ég að loka ekki dyrunum á neinar tónlistarstefnur. Ég vil ekki setja neina eina tónlistarstefnu ofar annari. Það gefur manni svo mikið að gera þetta allt og gera það sem manni finnst skemmtilegt.“

### „Þetta er það sem ég vil gera“

*En hvor sér Halldór sig fyrir sér eftir 10 ár?* „Mig langar að geta fengið tækifæri til að vinna bæði að tónsmíðum og flytja tónlist, það gefur mér mjög mikið. Þá myndi ég líka vilja halda áfram að útsetja og yrði ótrúlega glaður að geta lifað af þessu; að semja tónlist fyrir fólk, vinna með fólk og þróast sem tónlistarmaður.“

„Svo vill maður alltaf þróast og fá fleiri áskoranir til að ögra sér. Ég held það sé líka mjög mikilvægt að reyna að festast ekki í einhverju boxi og gera alltaf eins tónlist eða vinna alltaf með sama fólkini. Maður þarf að passa sig að stíga reglulega út fyrir þægindahringinn.“

„Ef maður hefur ástríðu fyrir þessu þá er það allt sem þarf og maður þarf að láta það verða að drifkrafti. Þetta veitir mér gríðarlega hamingju og þetta er það sem ég vil gera.“

Heimasíða Halldórs.

Hér fyrir neðan má hlýða á útskriftarverkefni Halldórs frá Manhattan School of Music. Og hér má sjá nýjasta verk hans frá Manchester.



Halldór Smárason  
átt (2013)

SOUND CLOUD



7:29

[Cookie policy](#)

mbl.is/Árvakur hf. © 2015 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100